



Starfsskýrsla

Sambands íslenskra kristniboðsfélaga



starfsárið **2017-2018**

Lögð fram á aðalfundi 16. maí 2018

Efnisyfirlit

Bls.

1. Alþjóðastarf..... 3

Epíópía

Kenía

Japan og Suðvestur-Asía

Tjaldgjörðarkristnið og annað starf

Fjölmiðlastarf

Önnur erlend tengsl og samstarf

2. Innanlandsstarf..... 6

Störf stjórnar og starfsmenn á heimavelli

Kynning og tengsl innanlands

Kristniðsfélög og einstaklingsaðild

Kristniðsvika

Sumarmót

Kristniðssalurinn

Íslenskukennsla

Basarinn

Aðrir atburðir

3. Útgáfa og kynningarmál..... 9

Kristniðsfréttir

Bjarmi

Kristniðspósturinn

Almanakið

Vefsíðan

Bókaútgáfan

4. Samstarfsverkefni..... 10

Samstarfssamtök

Þjóðkirkjan og kærleikspjónustusvið

Biskupsstofu

Lindin og samkirkjulegt starf

Mannúðasamtök í þróunarsamvinnu

5. Fjármál og skrifstofa..... 11

Skrifstofa og afgreiðsla

Basarinn

Fjármál

Þakkarorð..... 11

Inngangur

Enn eitt starfsár Kristniðssambandsins og aðildarféлага þess er að baki. Fótsporin liggja orðið víða eftir langt og mikið starf og þátttaka í boðun og kærleikspjónustu snertir líf fólks í tugþúsundatali og milljónatali ef allt fjölmiðlastarfið er með talið. Starfið heldur áfram að vaxa og breiðast út til nýrra svæða og ný verkefni blasa við. Við þökkum öllum, sem með einum eða öðrum hætti, hafa stutt starfið eða einstök verkefni þess.



1. Alþjóðastarf

Epíópía

Megnið af starfi kristniboðsins er í svokallaðri Suðvestur-Sýnóðu Mekane Yesu kirkjunnar. Þrátt fyrir að hafa ekki fasta kristniboða í landinu eins og er styður Kristniboðssambandið við bakið á starfinu í suðvesturhluta landsins með margvíslegum hætti.

Kirkju- og safnaðarstarf

SÍK styrkir ýmis verkefni á vegum kirkjunnar, svo sem þýðingu Biblíunnar á tungu Tsemaimanna sem búa í Voitódalnum. Þar styrkir SÍK einnig fjárhagslega umfangsmikið boðunarverkefni til nýrra staða. Í Ómó Rate hafa íslenskir kristniboðar tekið þátt í boðunarstarfi og safnaðaruppbyggingu á liðnum árum. Karl Jónas Gíslason var tæpa þrjá mánuði í Ómó Rate og víðar á haustmísserinu til að fylgja eftir bæði boðunarstarfi og lestrarverkefni. Meðal annarra verkefna í landinu er styrkur við nemendur presta- og leiðtogaskóla og biblíuskóla kirkjunnar í Addis Abeba og rekstur biblíu- og kristniboðsskólans í Awasa. Kirkjan í Konsóhéraði telur um 60 þúsund manns sem skiptast á 85 söfnuði. Starfið í Voitó er vaxandi. Starfið í Ómó Rate er enn ungt en þar eru mörg tækifæri til starfa ef við hefðum fólk til að vera á staðnum.

Þróunarverkefni

Lestrarverkefnið í Ómó Rate hefur nú staðið yfir í átta ár og miðar að því efla lestrarkunnáttu almennt og að kenna fólki að kenna öðrum að lesa. Verkefnið *Afgötu í skóla* fór af stað í lok árs 2007 og hefur gengið vel. Um 30 börn og fjölskyldur fá hjálp til að koma í veg fyrir að börnin betli á götum höfuðborgarinnar Addis Abeba. Samstarfsaðilar SÍK í þessu verkefni eru samtökin *My Sisters*. María Finnsdóttir arfleiddi SÍK að fjármunum sínum, um 16 milljónir, sem eyrnamerkar voru stúlkaskóla eða heimavist fyrir stúlkur í Epíopíu. Undirbúningur fyrir heimavist í Konsó er langt kominn og tekst vonandi að ljúka verkefninu í ár eða fyrri hluta þess næsta.

Kenía

Norðvesturbiskupsdæmi Evangelísk lútersku kirkjunnar (ELCK NWD) í Keníu er samstarfsaðili okkar og starfssvæðið er Pókothérað og nærliggjandi sveitir og héruð í Keníu. Kristniboðarnir Fanney Ingadóttir og Jón Fjölur Albertsson voru við störf þar í tæpa tvo mánuði sl. sumar til að fylgja eftir útbreiðsluverkefni kirkjunnar. Framkvæmdastóri SÍK dvaldi tæpan mánuði í Keníu í febrúar og mars að líta til með starfinu, uppbyggingu skóla og kenna á endurmenntunarnámskeiði presta og forstöðumanna sókna.

Kirkju- og safnaðarstarf

Stærsta framlag okkar til kirkjustarfsins er stuðningur við útbreiðsluverkefni kirkjunnar en á vegum þess starfa fjórir prestar og nokkrir prédikarar sem studdir eru til náms. Starfið hefur farið vaxandi og teygir sig inn í nærliggjandi héruð og lönd. Fylgt er markvissri áætlun um að fara til nýrra staða sem flestir eru úr alfaraleið. Þar á meðal eru svæði innan Túrkana, Baringo, Marakwet og nágrannalandsins Úganda. Söfnuðir og starfsstöðvar Norðvesturbiskupsdæmisins eru nú um 250 talsins. Erum við óspart hvött til að senda sjálfboðaliða eða kristniboða til starfa í styttri tíma í senn til að sinna fræðslumálum og ráðgjöf.



Japan og Suðvestur-Asía

Upphafsár Kristniboðssambandsins á alþjóðavettvangi voru í Kína. Árið 2010 bættist Japan við sem kristniboðsland. Aðeins um 1% þjóðarinnar telst kristinnar trúar. Leifur Sigurðsson, kristniboði starfar þar ásamt eiginkonu sinni Katsuko á Rokkó-eyju, úthverfi Kobe í Japan. Þeirra hlutverk er að ná til nýrra í nærumhverfi sínu en Leifur sér um ungmennahóp kirkjunnar, prédikar mánaðarlega og leiðir biblíulestra bæði í kirkjunni og heimahúsi. Auk þess vinnur Leifur að verkefnum fyrir samstarfsaðila okkar, Norska lúterska kristniboðssambandið (NLM) sem formaður starfsstjórnar í Japan.

Þróunarverkefni

Kirkjan hefur í samstarfi við kristniboðssamtök og þróunarstofnanir á Norðurlöndum byggt um 100 grunnskóla í Pókotsýslu og um tuttugu framhaldsskóla, sem eru ekki allir fullbyggðir. Kirkjan hefur tekið að sér enn fleiri grunnskóla sem styrktaraðili í þeirri von að geta mætt þörf heimamanna og ósk um menntun. Skólaganga hefur margt gott í för með sér og ýtir m.a. undir jákvæða þróun samfélagsins og lýðræðishugsun. Nú þegar hlýtur hópur barna og unglinga styrk til náms en flestir styrkirnir eru gefnir af einstaklingum hér heima til einstaklinga eða fjölskyldna úti.

Í fyrra lauk verkefni um uppbyggingu skrifstofubyggingar við framhaldsskólann í Propoi og tvær heimavistir við framhaldsskólann í Emboasis sem styrkt var af Utanríkisráðuneytinu. Utanríkisráðuneytið samþykkti einnig í fyrra umsókn SÍK um uppbyggingu við þrjá grunnskóla í Pókotsýslu og einn í Túrkanasýslu, tvær skólastofur við hvern. Framlag ráðuneytisins er 8 milljónir, framlag SÍK um milljón og heimamanna rúmlega það. Uppbyggingin er hafin við tvo skólanna og lýkur vonandi öllum fyrir áramót.



Tjaldgjörðarkristniboð og annað starf

Aðalfundur samþykkti fyrir sex árum að stíga skref í átt að vaxandi tjaldgjörðarkristniboði sem byggir á því að fólk fer til starfa en sér sjálfu sér farborða. Það sinnir kristniboði í frítíma sínum sem sjálfbóðaliðar. Hluti af því er samstarf við hjónin Noru og Gísla Jónsson sem starfa við ráðgjöf og baráttu gegn mansali í Búlgaríu. Samstarfið felst í því að taka við söfnunarfé til starfs þeirra, styrkja þau lítilsháttar og miðla fréttum og fyrirbænaefnum hér á landi. Kristniboðssambandið styrkir einnig Janet Sewell kristniboða sem vinnur fyrir Hellenistic Ministries í Grikklandi við boðunarstarf og aðstoð við flóttamenn. Nýverið var einnig leitað til okkar vegna neyðar í Sýrlandi er hingað kom kona, með stöðu flóttamanns í Suður-Evrópu, sem varð kristin á flótta sínum. Fram að þessu hafa sjálfbóðaliðar stutt hana við að fóta sig hér og kanna með atvinnuleyfi.

Fjölmiðlastarf

NOREA og Sat-7

SÍK styrkir ákveðnar sendingar NOREA-radio og samstarfsaðila til Kína. Markhópur þessara sendinga er einkum fólk á landsbyggðinni sem ekki kemst í kirkju og hefur takamarkaða þekkingu á kristinni trú. Framlag okkar er 50.000 norskar krónur á ári.

SÍK er samstarfsaðili Sat-7, samkirkjulegs sjónvarpsstarfs í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Framlag Kristniboðssambandsins er rúmir 15.000 bandaríkjadalir á ári. Um 80% af dagskránni er framleidd af kristnu fólki á heimavelli á arabísku, tyrknesku eða farsí. Með boðun og fræðslu og uppörvun er reynt að styrkja kirkjurnar og kristið fólk á svæðinu til að iðka trú sína í aðstæðum sem oft eru mjög erfiðar. Fimm rásir heyra nú undir Sat-7, þar af ein sem er eingöngu með barnaefni. Sat-7 hefur tekist að fá sendingar inn á þá gervihnetti sem mest eru notaðir í Mið-Austurlöndum og nú er tyrkneska rásin send út á ríkisreknum gervihnetti. Áhorfendur Sat-7 eru, samkvæmt nýlegum mælingum, um 21,5 milljón.



Sat-7 er kristleg sjónvarpsstöð en nokkrir þættir eru hugsaðir til að bæta kjör og líf áhorfenda. Er það ekki síst til að ná til stórs hóps áhorfenda sem eru ólæsir og rjúfa einangrun þeirra. Í fyrra fór af stað ný rás, skólasjónvarp, Sat-7 Academy, sem ætluð er börnum sem ekki geta gengið í skóla vegna stríðsátaka og þeirra sem búa í flóttamannabúðum víðs vegar í Mið-Austurlöndum. 21 milljón barna er í hættu á að missa af menntun eða eitt af hverjum fimm sem búa á svæðum sem Sat-7 nær til. Skólastjónvarpið sendir út allan sólarhringinn.

Hjónin Helga Vilborg Sigurjónsdóttir og Kristján Þór Sverrisson sóttu aðalfund og tengslaráðstefnu Sat-7 í apríl og voru fulltrúar SÍK.

Önnur erlend tengsl og samstarf

Kristniboðssambandið er í tengslum og samstarfi við ýmsa aðila erlendis. Helst er að nefna NLM, en starfið í Eþíópíu, Keníu og Japan er unnið í samstarfi við það. Samráðsfundir eru einu sinni á ári

SÍK er einnig í samstarfi við ungliðahreyfinguna, NLM-ung og Fjellheim, biblíuskóla NLM í Tromsø í Norður-Noregi en hópur frá skólanum

heimsótti landið í viku í september.

Nýverið heimsótti framkvæmdastjóri NLM-ung Ísland til að skoða hvernig efla megi samstarf þeirra og SÍK.

Samskipti við kirkjurnar í Eþíópíu, Japan og Keníu fara að mestu í gegnum NLM, en þó ekki einvörðungu. Bein tengsl eru við Konsó og Suðvestursýnúdu Mekane Yesus kirkjunnar í Eþíópíu og við Norðvesturbiskupsdæmi kirkjunnar í Keníu.

SÍK er aðili að Nordisk Indremisjonsråd og situr framkvæmdastjóri í stjórn þess.

Einn nemi frá Íslandi fékk styrk frá SÍK til náms á Fjellhaug Internasjonale Høgskole í Ósló.

SÍK er fulltrúi Íslands í European Evangelical Missionary Alliance (EEMA). EEMA heldur fjölmennt kristniboðsmót fyrir ungt fólk, Mission-net annað hvert ár í Evrópu. Kristín Bjarnadóttir fór á ráðstefnu á vegum European Evangelical Alliance, World Evangelical Alliance og European Evangelical Mission Association um starf meðal flóttamanna og hælisleitenda í febrúar síðast liðnum.

Ýmis önnur óformleg tengsl eru við samtök og einstaklinga erlendis.

2. Innanlandsstarf

Störf stjórnar og starfsmenn á heimavelli

Eftir aðalfund 2017, sem haldinn var 10. maí, sátu eftirtalin í stjórn SÍK: Ólafur Jóhannsson (2015-2018) formaður, Birna Gerður Jónasóttir (2015-2018) varaformaður, Hermann Bjarnason (2017-2019) gjaldkeri, Guðlaugur Gunnarsson (2017-2019) ritari, Haraldur Þórðarson (2015-2018), Kristján S. Sigurðsson (2016-2018) og Ásta Bryndís Schram (2016-2018). Willy Petersen og Sigurður Pálsson voru kjörnir varamenn til eins árs. Ólafur dró sig í hlé um miðjan september af persónulegum ástæðum og Birna Gerður tók við starfi formanns og Willy tók fast sæti í stjórninni. Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Kristniboðssambandsins, hefur einnig setið fundi stjórnar. Stjórn SÍK fundaði átta sinnum á starfsárinu. Helstu viðfangsefni stjórnar voru stefnumörkun, fjármál, skipulags- og starfsmannamál, starfið á kristniboðsakrinum og starfið á heimavelli. Aðrir starfsmenn skrifstofu eru Kristín Bjarnadóttir og Kristján Þór Sverrisson í fullu starfi og Ragnheiður Arnkelsdóttir í hlutastarfi. Starfsfólk Basarsins eru Karl Jónas Gíslason í fullu starfi en Anna Sigurðardóttir og Bjarni Árnason í hlutastarfi. Starfsfólk sér um kynningu starfsins, útgáfumál, umbrot, bókhald, afgreiðslu og fjáröflun, auk annarra verkefna. Margrét Kristjánsdóttir sér um þrif Basarsins og Kristniboðssalarins.

Kynning og tengsl innanlands

Mestur hluti kynningar- og boðunarstarfs SÍK fór fram á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þar sem ýmsir hópar, félög og kirkjur voru heimsóttar. Margar sóknir þjóðkirkjunnar voru heimsóttar í vetur þar sem boði okkar um heimsóknir var haldið vel að þeim og sinnti Kristján Þór Sverrisson þeim að mestu leyti ásamt konu sinni, Helgu Vilborgu Sigurjónsdóttur. Austurland, Norðurland og hluti Snæfellsness voru heimsótt á starfsárinu. Ólafur Jón Magnússon og Björn-Inge Furnes Aurdal heimsóttu Akureyri og Egilsstaði í tengslum við kristniboðsviku.

Djákna- og guðfræðinemar heimsækja SÍK í stofnanakynningum hvert vor. Útvarpsguðspjónusta á kristniboðsdaginn var frá Áskirkju þar sem Ragnar Gunnarsson prédikaði.

Kristniboðsfélög og einstaklingsaðild

Starfsmenn hafa tekið þátt í ýmsum fundum kristniboðsfélaganna sem eru burðarás Kristniboðssambandsins. Þar er fólk sem biður trúfastlega fyrir kristniboðinu, gefur reglulega til þess og sinnir ýmiss konar fjáröflun og sjálfbóðaliðastarfi. Kristniboðsfélögin taka flest samskot á samverum sínum, sum hafa tekið að sér að kosta ákveðna þætti starfsins, mörg þeirra standa fyrir einhvers konar fjáröflun, s.s. fjáröflunarsamkomu, kaffisölu, matarkvöldi, jólabasar, og fleiru. Starf hvers kristniboðshóps eða kristniboðsfélags er mismunandi, sumir hittast oft, aðrir sjaldan. Sumir halda eigin samverur meðan aðrir hópar tengjast samkomum eða guðspjónustum og taka virkan þátt í þeim þegar við á.

Loks má geta þess að ýmsir vinir kristniboðsins, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, biðja fyrir starfinu og styðja það fjárhagslega af mikilli trúfesti, án þess að vera í kristniboðsfélagi eða einstaklingsaðilar. Allt þetta fólk leggur sitt af mörkum og myndar stóra heild og bakvarðasveit starfsins sem er ómetanleg. Er þeim hér með þakkað af alhug.

Kristniboðsvika

Kristniboðsvikan í Reykjavík í lok febrúar og upphafi marsmánaðar tókst vel og samverur vikunnar vel sóttar. Yfirskrift vikunnar var „Fylgdu Jesú.“ Undirbúningur var í höndum Helgu Vilborgar Sigurjónsdóttur, Ólafs Jóns Magnússonar og Höllu Maríu Smith. Samverur vikunnar voru haldnar í Kristniboðssalnum. Gestur vikunnar var Björn-Inge Furnes Aurdal, starfsmaður Norsku skólahreyfingarinnar (NKSS).



Kristniboðssalurinn

Eins og undanfarin ár eru samkomur í Kristniboðssalnum á hverju miðvikudagskvöldi. Trúfastur hópur fólks sækir samkomurnar, yfirleitt 25-40 manns. Áhersla er lögð á boðun Orðsins og gott samfélag. Í samkomunefnd sitja Ásta Bryndís Schram, Bjarni Gunnarsson, Hulda Björg Jónasdóttir, Margrét Jóhannesdóttir, Páll Friðriksson, Ragnar Gunnarsson og Sveinbjörg Björnsdóttir. Í vetur var boðið upp á eina söngsamkomu í mánuði.

Fjölskyldustarfið var sameinað sameiginlegum samkomum Salt kristins samfélags og SÍK kl. 17 á sunnudögum. Í sameiginlegri samkomunefnd sitja fyrir hönd SÍK Kristján Þór Sverrisson, Ásta Bryndís Schram og Guðlaugur Gunnarsson. Reynslan er góð en í haust var efni Afa-námskeiðsins aðalefni samkomanna. Auk samkomuhaldsins og félagsfunda Kristniboðsfélags karla og Kristniboðsfélags kvenna, sem eiga salinn ásamt SÍK, hafa ýmsir aðrir hópar fengið salinn að láni eða á leigu. Páll Friðriksson situr í stjórn salarins fyrir hönd Kristniboðssambandsins en Kristján S. Sigurðsson og Hulda Björg Jónasdóttir fyrir kristniboðsfélögin.

Íslenskukennsla

Ókeypis íslenskukennsla fyrir fólk af erlendum uppruna hefur nú verið í boði í þrjú ár. Markmiðið er að veita þessa þjónustu og fá um leið tækifæri til að mynda meiri tengsl við þennan hóp. Um 70 manns voru skráðir á haustmisseri 2017 en færri á vormisseri 2018. Kennt er á þriðjudags- og föstudagsmorgnum. Kristín Bjarnadóttir sér um kennsluna en fjöldi sjálfboðaliða kemur að verkefninu. Auk hefðbundinnar kennslu í íslensku er mikið sungið af íslenskum lögum og nemendur fá fræðslu í íslenskri menningu og kristindómi. Rannís hefur styrkt námskeiðin.

Basarinn

Basarinn er ekki einungis nytjamarkaður heldur einnig starfsstöð þar sem sjálfboðaliðar og starfsmenn komast í samband við fólk, kynna starfið, spjalla við það, veitir sálgæslu og fyrirbæn og fólk er boðið að taka þátt í starfi Kristniboðssambandsins. Basarinn heldur úti Facebook síðu sem rúmlega þúsund manns hafa merkt við sem ánægjuefni. Salan í Basarnum jókst aðeins í fyrra miðað við árið á undan. Í basarnefnd sitja Hermann Bjarnason, Jón Pálmi Davíðsson, Rúna Þráinsdóttir og Ragnhildur Gunnarsdóttir auk Karls Jónasar, umsjónarmanns.



Sumarmót

Árlegt kristniboðsmót á Löngumýri var haldið í júlí og voru mótsgestir mjög ánægðir. Á dagskránni voru biblíulestur, vitnisburðarstund, samfélagsstund, kristniboðssamvera og þátttaka í guðsþjónustu í Reynisstaðarkirkju þar sem Leifur Sigurðsson prédikaði. Í undirbúningsnefnd voru Skúli Svavarsson og Jón Oddgeir Guðmundsson.



Aðrir atburðir

Í haust heimsótti Oddvar Sævik, fyrrum fríkirkjuprestur í Noregi SÍK. Talaði hann á samkomum og hélt námskeið um bænina og starf Heilags anda. Mailis Janatuinen fyrrum kristniboði í Japan frá Finnlandi heimsótti landið í október og hélt námskeið og kynnti „Glade Tidings“ biblíulesefni sem notað er víða um heim. Heimsótti hún kristniboðsfélögin fyrir austan og norðan. Kvennakór KFUK, Ljósbrott, hélt tónleika í Grensáskirkju í apríl og söng texta Lilju S. Kristjánsdóttur við lög eftir Keith Reed stjórnanda kórsins og fleiri. Samskot voru tekin til kristniboðsins.

Í liðinni viku var létt skákmót þar sem fulltrúar Kristniboðssambandsins og Vantrúar komu saman eina kvöldstund.



3. Útgáfa og kynningarmál

Kristniboðsfréttir

Kristniboðsfréttir eru prentaðar í 4.000 eintökum og koma út fjórum sinnum á ári. Þær eru sendar til áskrifenda um allt land. Blaðið er mjög mikilvægur tengiliður við fjölda fólks og í blaðinu geta þau sem hafa áhuga fylgst með fréttum af starfinu. Blaðið nær víða og viðtökur eru yfirleitt mjög góðar. Kristín Bjarnadóttir er ritstjóri blaðsins. Prófaraklestur er í höndum Eddu Ólafsdóttur. Tvisvar á ári er sent með bréf um hvatningu um að gefa sumargjöf og jólagjöf til starfsins.

Bjarmi

Bjarmi, tímarit um kristna trú, kemur út þrisvar á ári í 600 eintökum. Salt ehf. útgáfufélag gefur út blaðið í samstarfi við SÍK. Ritstjóri er Ragnar Gunnarsson en með honum eru Haraldur Jóhannsson og Vigfús Ingvar Ingvarsson. Prófarkalesari er Þorgils Hlynur Þorbergsson.



Kristniboðspósturinn

Tölvubréfið Kristniboðspósturinn er sent út tvisvar til þrisvar í mánuði. Í póstinum birtast fréttir af kristniboðunum, starfinu úti og heima, tilkynningar um viðburði og fleira. Flestir einstaklingar og félagar í aðildarfélögum SÍK, sem eru með netfang, fá póstinn, auk þess getur hver sem er óskað eftir honum. Um 250 manns eru á áskrifendaskrá. Kristján Þór Sverrisson hefur umsjón með póstinum.

Almanakið


Kristniboðsalmanakið 2018 var gefið út í 9.000 eintökum. Hluta upplagsins var dreift í kirkjum landsins á kristniboðsdaginn og einnig í Basarnum næstu vikur á eftir. Almanakið var einnig sent með Kristniboðsfréttum til allra áskrifenda þess fyrir jólin. Almanakið er góð kynning þar sem það hangir uppi allan ársins hring.

Vefsíðan www.sik.is

Heimasíða SÍK er einnig andlit okkar út á við. SÍK er einnig með síðu á Facebook þar sem atburðir eru kynntir og fréttum miðlað. Vinahópur Kristniboðssambandsins þar telur nú tæplega 950 manns.

Bókaútgáfan Salt ehf.

Salt ehf er í eigu SÍK. Tvær bækur voru gefnar út í fyrra, *Marteinn Lúther* eftir R. Bainton endurprentuð í 300 eintökum og *Hver er ég? Níu persónuleikalyðsingar enneagrams* eftir Sigríði Hrönn Sigurðardóttur í 400 eintökum. Vefsíða útgáfunnar er www.saltforlag.is.



4. Samstarfsverkefni

Samstarfssamtök

SÍK hefur í áratugi verið í góðu samstarfi við KFUM og KFUK og eins Kristileg skólasamtök og Kristilegt stúdentafélag. Starfsmenn hafa tekið þátt í samverum og mótum fyrir börn, unglinga og fullorðna, kynnt starfið og haft hugleiðingar og biblíulestra. Starfsmaður Kristilegu skólahreyfingarinnar (KSH) hefur haft skrifstofuaðstöðu á skrifstofu SÍK frá því í haust en stjórn SÍK ákvað einnig að styrkja launasjóð KSH með þeirri ósk að styrkja megi tengsl unga fólksins við SÍK. Hópur á vegum KSH ætla að taka þátt í kristniboðsmóti unga fólksins (UL) í Noregi í sumar.

Þjóðkirkjan og kærleiks- þjónustusvið Biskupsstofu

Samstarf okkar við þjóðkirkjuna hefur farið vaxandi á liðnum árum. Kynning fór fram í mörgum kirkjum á liðnu starfsári og leitað er til okkar eftir efni um kristniboð okkar Íslendinga. Kristniboðssambandið fékk í fyrra styrk úr Kirkjumálasjóði upp á 5 milljónir króna. Samskot til starfs okkar eru tekin reglulega í Grensáskirkju og Hallgrímskirkju í Reykjavík og við allar Tómasarmessur í Breiðholtskirkju en SÍK er í samstarfi um þær. Mörg prófastsdæmanna styrkja okkur og er framlag Reykjavíkurprófastsdæmis eystra myndarlegast eða 625 þúsund krónur á liðnu ári. Einnig hafa margir söfnuðir þjóðkirkjunnar stutt starfið en mest komið frá Hallgrímskirkju, þ.e. rúmlega 1,2 milljón í fyrra m.a. vegna samskota. Starfsmenn hafa átt mjög gott samstarf við kærleiksþjónustusvið Biskupsstofu. Framkvæmdastjóri SÍK er formaður nefndar þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf sem skipuð er af kirkjuráði til að efla skilning á þeim málum innan kirkjunnar. Verkefnið um tengsl sókna á Íslandi við sóknir í systurkirkjum okkar í Keníu og Eþíópíu er í gangi en mætti vera betur sinnt. Á annan tug sókna hafa tekið að sér vináttusamband undir heitinu *Söfnuður til safnaðar*.

Lindin og samkirkjulegt starf

SÍK styður útvarpsstöðina Lindina með mánaðarlegu framlagi og einnig flytja starfsmenn og sjálfboðaliðar Kristniboðssambandsins þar hugleiðingar, kynna starfið eða sinna dagskrárgerð. Lindin auglýsir fúslega samkomur og annað sem um er að vera á vegum SÍK. Sá samstarfsandi sem þar ríkir er mjög þakkarverður. SÍK tekur einnig þátt í samkirkjulegum bænastundum sem haldnar hafa verið í Friðrikskapelli frá því í ágúst 2008. Beðið er fyrir þjóðinni og ráðamönnum hennar. Framkvæmdastjóri SÍK hefur verið formaður Alfa á Íslandi undanfarin ár. Kristján Þór Sverrisson þýddi nýtt efni, Alpha Film Series, sem var textað og hefur reynst mjög vel í vetur. Nú er unnið að textun Alfa fyrir unglinga. Kristján Þór er fulltrúi SÍK í undirbúningsnefnd Global Leadership Summit (GLS) ráðstefnu sem haldin hefur verið undanfarin ár í byrjun nóvember, nú síðustu árin í Háskólabíói.



Mannúðarsamtök í þróunarsamvinnu

SÍK er í óformlegu samstarfi átta mannúðarsamtaka í þróunarsamvinnu. Hist er þrisvar á ári, eða oftast ef þörf krefur, og rætt um sameiginleg hagsmunamál. Framkvæmdastjóri situr einnig í Þróunarsamvinnunefnd á vegum utanríkisráðuneytisins sem er ráðherra til ráðgjafar um þann málaflokk.

5. Fjármál og skrifstofa

Skrifstofa og afgreiðsla

Skrifstofa og afgreiðsla SÍK er í Miðbæ við Háaleitisbraut, 2. hæð, fyrir neðan Kristniboðssalinn. Kristín Bjarnadóttir sinnir daglegum störfum gjaldkera en Ragnheiður Arnkelsdóttir bókhaldi.

Basarinn

Basarinn, nytjamarkaður Kristniboðssambandsins er í Austurverí. Rekstrartekjur námu 21,7 milljónum króna í fyrra. Karl Jónas Gíslason hefur daglega umsjón með markaðnum en fjöldi sjálfboðaliða aðstoðar við verðmerkingu, tiltekt og afgreiðslu. Á sama stað eru einnig til sölu bækur bókaútgáfunnar Salts og aðrar kristilegar bækur, innlendar og erlendar.

Til stendur að stækka Basarinn á næstunni út á stéttina í norður og austur. Tími er kominn á að endurnýja ytri vegg hússins og sinna margvíslegu viðhaldi í sameign. Nokkur tilboð hafa borist í eignina að hluta eða í heild en stjórnin hefur ekki talið ástæðu til að selja meðan ekkert annað sambærilegt húsnæði er í boði.

Fjármál

Kristniboðssambandið fær tekjur sínar að mestu leyti frá trúföstum velunnurum starfsins. Notuð frímerki og erlend smámynt er góður tekjustofn. Jarle Reiersen leggur mjög mikla vinnu í að koma þeim í verð og góður hópur sinnir klippivinnu. Er Jarle og klippurum hér með þakkað kærlega fyrir fórnfúst sjálfboðastarf. Undanfarin ár höfum við í janúarmánuði verið í samstarfi við Íslandspóst um söfnun umslaga og frímerkja á afgreiðslustöðum Póstsins. Tekjur af frímerkja- og myntsölu í fyrra voru rúmar 4 milljónir.

Haustmarkaðurinn var haldinn í september og skilaði um 600 þúsund krónum. Verkefnið

Látum skóna ganga aftur skilar einnig tekjum á hverju ári en aðeins um 730 þúsund krónum í fyrra. Helsta skýringin er meiri samkeppni um skóna. Sjálfboðaliðar, einkum úr Kristniboðsfélagi karla, hafa aðstoðað við að flytja skó milli gáma fyrir útflutning.

SÍK tekur við sérmerktum gjöfum í menntasjóð til menntamála í Keníu og Eþíópíu. Þær fara í skólabyggingar, skólastarf eða stuðning við einstaka nemendur.

Heildartekjur ársins 2016 voru um 97,4 milljónir, þar af eyrnamerkt til heimavistar í Eþíópíu um 16 milljónir. Gjafir einstaklinga, félaga og kirkna voru tæpar 30 milljónir, sala á vöru og þjónustu (Basarinn, frímerki, skógámar o.fl) 26,8 milljónir. Heildargjöld ársins með vaxtakostnaði voru rúmar 86 milljónir. Kostnaður við alþjóðastarf var um 34 milljónir. Heildarfjárhagsáætlun yfirstandandi árs er um 80 milljónir króna.

Þakkarorð

Stjórn SÍK þakkar öllum sem tengjast Kristniboðssambandinu með beinum eða óbeinum hætti og hafa lagt starfinu lið með fjárframlögum, munum á Basarinn, frímerkjum, sjálfboðavinnu, fyrirbænum og öðru sem hefur orðið starfinu til eflingar. Í þessari skýrslu hafa sum nöfn verið nefnd og önnur eru ónefnd. Megi blessun Drottins auðga og hjörtun fyllast gleði yfir því að fá að taka þátt í þessu verki svo ávöxtur starfsins verði enn ríkulegri. Jesús sendi lærisveina sína, kirkju sína, út um heiminn til að gera fólk að lærisveinum. Mættum við áfram vera trúföst og þjóna Drottni með gleði, boða fagnaðarerindið og kærleika Guðs í Jesú Kristi og þjóna náunganum í kærleika.

Þess vegna, mín elskuðu systkin, verið staðföst, óbifanleg, síauðug í verki Drottins. Þið vitið að Drottinn lætur erfiði ykkar ekki verða til ónýtis. (1. Kor 15:58).

F.h. stjórnar og starfsmanna SÍK
(Kristniboðssambandsins)
Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri



*Þess vegna, mín elskuðu systkin, verið staðföst,
óbifanleg, síauðug í verki Drottins.
Þið vitið að Drottinn lætur erfiði ykkar ekki verða til ónýtis.*

I. Kor 15:58

Kristniboðssambandið

Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík

Sími: 533 4900. Netfang: sik@sik.is